

Menningarhús í Sigurhæðum - umsókn um fjárveitingu frá Alþingi

Menningarhús - culture house Sigurhæðir var opnað formlega á Akureyri í júní 2022 og er ætlað bæði gestum víða að sem og heimafólki. Á árinu 2024 er því í vændum þriðja starfsár staðarins.

Húsið Sigurhæðir var upphaflega reist fyrir Guðrúnu Runólfsdóttur og Matthías Jochumsson þjóðskáld og hefur nú verið gert aðgengilegt almenningi. Starfsemin er ekki eiginlegt skáldahús, heldur menningarhús með fjölbreytta starfsemi. Hér er dreginn er fram lífsmáti, lífsleiðir, vinnuaðferðir og verk listafólks - í nútíð og fortíð.

Heildarstarfsemi staðarins er í nokkrum liðum:

1. Örsýningar í Sigurhæðum og á interneti, þar sem unnið er með menningararf Sigurhæða tengdum Guðrúnu og Matthíasi Jochumssyni og fleiri brautryðjendum íslenskrar menningarsenu;
2. Eigin menningarviðburðir hússins með áherslu á listamenn sem vinna með textíl og texta;
3. Hýsing smærri utanaðkomandi viðburða s.s. stofutónleika, sýninga, upplestra;
4. Móttaka og miðlun á menningararfi staðarins - móttaka nemendahópa og annarra hópa;
5. Opnar Sigurhæðir fyrir almenning að njóta ró, næðis og fegurðar hússins og umhverfisins í gróðurvin í miðbæ Akureyrar, rölta um, forvitnast, fræðast...;
6. Vinnuaðstaða fyrir listamenn, hönnuði, hugsuði og aðila í hugmyndavinnu og verkefnaþróun á sviðum lista- og menningar;
7. Miðlun á verkum og vörum frá listafólki og skapandi aðilum.
8. Rannsóknarvinna, varðveisla, miðlun og samvinna við eistaklinga og stofnanir er varða menningararf Sigurhæða í frásögnum, heimildum, myndum og munum.

Mikilvægur hluti af starfinu og því sem miðlað er til almennings er í formi örsýningar tengdri arfleifð staðarins, frá þeim Guðrúnu og Matthíasi. Þær eru nú þegar í formi innsetninga á staðnum og er fyrirhugað að setja þær einnig upp á internetinu. Í innsetningum þessum gerum við hliðranir á þeirri mynd og ímynd sem staðurinn hefur og þar erum við með þessar grunn áherslur:

*drögum fram listamanninn Matthías, rithöfundinn og skáldið, hinn frjálslynda, umburðarlynda og leitandi mann og einn helsta listamann og menningarfrömuð Íslendinga;

*þar koma þá allar konurnar í kringum hann fram í sviðsljósið - dæturnar, húsfrúin, systirin, fósturdóttirin, ritarinn, kvenrithöfundarnir - kvenfrelsið;

*allt lífið í húsinu, börnin, samræðurnar, öll listsköpunin og menningarlífið;

*tengja húsið og staðinn Sigurhæðir meira við bæjarlífið og aftur inn í bæjarmyndina, skapa dýpri þekkingu á sérstöðu þessa svæðis;

*Guðrún, Matthías og fjölskylda sem samborgarar og góðborgarar á Akureyri, samkennd og aðkoma að mannlífinu, samfélags- og þjóðfélagsþróun;

*það að hafa rödd og áhrif í þjóðfélaginu og mótandi áhrif á samfélagið;

*alþjóðlegt lista- og menningarsamstarf.

Staðurinn er þó mun fjölbreyttari og í anda Guðrúnar og Matthíasar er - meðal örsýninganna - á aðalhæð og í garði hýstir viðburðir eins og stofutónleikar, leiklestrar, fundir, upplestrar, frásagnir, garðsöngur. Vinnustofur listamanna, hönnuða og hugmyndasmiða eru reknar á efri hæð hússins. Þar starfa að staðaldri fimm til átta ólíkir aðilar.

Þórarinn Blöndal myndlistarmaður og leikmyndasmiður hefur komið að gerð og hönnun fjölda menningarstaða og sýninga á landinu, þar á meðal Skyrgerðinni á Selfossi og Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Hann hefur umsjón með gerð og þróun örsýninganna í Sigurhæðum, kemur að miðlun efnis á netinu og að heildarhönnun staðarins. Listrænn ráðgjafi er Hlynur Hallsson myndlistarmaður og safnstjóri. María Hjelm listfræðingur og kynjafræðingur og M.A. nemandi í borgarfræðum hefur starfað við staðinn á árinu 2023. Að þróun staðarins, rannsóknnum og framsetningu menningararfsins kemur auk þess fjöldi annarra, svo sem starfsfólk Minjasafnsins á Akureyri, Listasafnsins og Amtsbókasafnsins. Leitað er til Þjóðminjasafns og Þjóðarbókhöfuðs, Kvennasögusafns, hönnuða og listafólks og annarra sértækra verktaka. Ungt fólk er einnig fengið til þess að aðstoða við einstök verkefni og viðburði. Eins er sérfræðingur fenginn til verktakastarfa vegna leiðsagna skólahópa og annarra hópa, þar sem fólk getur komist í snertingu við og fundið tengingar, lærdóm og innblástur í arfleifið staðarins þeirri, sem þar birtist - og hitt listafólkið okkar.

Ábyrgðaraðili og staðarhaldari Menningarhúss í Sigurhæðum er Kristín Þóra Kjartansdóttir. Hún er með M.A. próf í sagnfræði, hefur verið verkefnisstjóri og staðarhaldari á menningarsviði, fyrst í AkureyrarAkademíu 2005-2011, svo í Flóru - verslun,

viðburðir, vinnustofur 2011-2021, en frá 2021 í Menningarhúsi í Sigurhæðum. Hún vann við kennslu og rannsóknir við Leibniz Universität Hannover og International Womens University í Þýskalandi, en einnig sem verkefnisstjóri hjá Félagsmálaráðuneyti og hjá Akureyrarbæ. Kristín hefur öðlast fjölbætta reynslu af verkefnastjórnun og framkvæmd menningartengdra verkefna, auk þess sem hún býr að góðu tengslaneti í fræða, lista- og menningargeiranum.

Fagráð veitir starfsemi Menningarhúss í Sigurhæðum innblástur og aðhald.

Starfsemin er fjármögnuð með tekjum og fjárframlögum. Árin 2022 og 2023 hefur Fjárlaganefnd Alþingis veitt styrk til heildarstarfseminnar, Samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi Eystra og Menningarsjóður Akureyrar og fleiri hafa sett fjármagn í menningarviðburði og sértæk verkefni staðarins. Eins hafa einstaka sjóðir og almenningur veitt fé til staðarins. Forsætisráðuneytið hefur nú nýlega veitt staðnum styrk úr sjóði til jafnréttisverkefnis fyrir árið 2024. Án styrks frá Fjárlaganefnd Alþingis er ógjörningur að sinna grunnstarfsemi staðarins og að hafa húsið opið fyrir almenning.

Á árinu 2024 eru 150 ár frá því að þjóðsöngur okkar Íslendinga var frumfluttur í Dómkirkjunni, en eins og kunnugt er orti Matthías Jochumsson textann veturinn 1783/84. Sá viðburður tengist órjúfaböndum því að Danakonungur afhenti Íslendingum stjórnarskrá sumarið 1874.

Hér með er sótt um fjármagn frá Fjárlaganefnd Alþingis til starfsemi Menningarhúss í Sigurhæðum á árinu 2024, að upphæð kr 8.900.000.

Akureyri 26. október 2023

f.h. Flóru menningarhúss, Kristín Þóra Kjartansdóttir
flora.akureyri@gmail.com